

Prófnefnd löggiltra endurskoðenda

Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum – seinni hluti

10. október 2018

kl. 9:00 – 17:00

Ábendingar:

Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er skynsamlegt að nýta próftímann með hliðsjón af vægi verkefna.

Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.

Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmanns telst hún ógild og prófmaður fallinn.

Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.

Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu. Óheimilt er að sækja eða nota önnur rafræn gögn en þau sem eru á heimasvæði prófsins.

Prófmenn eru beðnir um að skila í prófmöppu að prófinu loknu rafrænni úrlausn. Prófmenn bera ábyrgð á vistun úrlausna.

Verkefni 12 – 40 mín.

Þú starfar á endurskoðunarstofu sem hefur um árabíl aðstoðað smærri fyrirtæki við uppgjör, gerð reikningsskila og skattskil.

Í ágúst síðastliðnum skilaðir þú ársreikningi vegna rekstrarársins 2017 fyrir Tískuverslunina Mollý (Mollý ehf.) til Ársreikningaskrár eftir yfirferð og samþykki eigenda. Skattframtali félagsins var skilað samhliða. Ársreikningurinn var áritaður af endurskoðanda með áritun á óendurskoðuð reikningsskil, ISRS 4410.

Þann 19. september fær félagið tilkynningu frá Ársreikningaskrá þar sem kemur fram að ársreikningurinn hafi verið felldur af skrá enda sé skylt sé að endurskoða ársreikning félagsins skv. lögum nr. 3/2006 um ársreikninga.

Eigandi félagsins leitar til þín. Hann segir að hann hafi engan hag að endurskoðun enda sé um fjölskyldufyrirtæki að ræða sem hafi verið í góðum rekstri mjög lengi. Hann segir jafnframt að ef það sé þitt mat að hann komist ekki hjá endurskoðun þá þurfi hann væntanlega að hlíta því.

Meðfylgjandi er ársreikningur félagsins fyrir árið 2017, sjá fskj. 2.

Úrlausnarefni:

- A. **Telur þú að hægt sé að endurskoða ársreikning 2017 fyrir Mollý ehf. núna níu mánuðum eftir lok reikningsársins? Reifaðu þau álitamál sem gætu komið upp við hugsanlega endurskoðun og hvernig þú myndir bregðast við þeim, ef þú tekur að þér endurskoðun félagsins.**
- B. **Svarið þessum lið óháð svari ykkar í A-lið. Eigandi Mollýar ehf. kemur til þín og bendir á að hann hafi ekkert skilið í birgðatölu í ársreikningi félagsins fyrir árið 2017. Hann telur að birgðirnar hafi verið ofmetnar um 40 milljónir og megi rekja skekkjuna til árána 2014 og 2015. Hann bendir á að ef þetta sé rétt þá séu allar líkur á því að ekki þurfi að endurskoða ársreikning 2017.**
 - i. **Hvernig telur þú rétt að bregðast við þessari fullyrðingu eigandans?**
 - ii. **Ef fullyrðing hans er rétt, hvaða áhrif hefur þetta á hugsanlega endurskoðun félagsins, ársreikninga félagsins undanfarin ár og skattframtöl? Hvernig væri rétt að bregðast við þessari hugsanlegu skekkju?**

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 13 – 30 mín.

Samstarfsmenn þínir hjá GlobalAudit hafa komið að máli við þig, gæðastjóra félagsins, og lagt það til að þú komir með ítarlegar leiðbeiningar um það hvernig endurskoðunarteymi eigi að bregðast við svonefndri sniðgöngu stjórnenda (e. management override of controls) í endurskoðunarvinnu. Undanfarin ár hafa margir endurskoðendur sem starfa hjá félaginu fengið ábendingar og athugasemdir við þennan hluta endurskoðunarvinnunnar, meðal annars vegna þess að margir þeirra telja að kröfur um að bregðast við sniðgöngu stjórnenda eigi einungis við í stærstu endurskoðunarverkefnunum.

Úrlausnarefni:

Taktu saman leiðbeiningar um það hvernig endurskoðendur ættu að bregðast við sniðgöngu stjórnenda í endurskoðunarvinnu sinni. Leiðbeiningarnar þurfa að ná til allra endurskoðunarverkefna, það er bæði til minni og stærri verkefna.

Í leiðbeiningunum þurfa að koma fram að minnsta kosti eftirtalin atriði:

- A. Tilvísun í kröfur endurskoðunarstaðla um viðbrögð endurskoðenda við sniðgöngu stjórnenda.**
- B. Dæmi um endurskoðunaraðgerðir með vísun í staðhæfingar stjórnenda (e. management assertion) eftir því sem það á við og leiðbeiningar um framkvæmd þeirra.**
- C. Kröfur um skráningu vinnunnar.**

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 14 – 50 mín.

Stjórn Bjartra tíma hf. er að velta fyrir sér að taka upp hvatakerfi fyrir fimm lykilstjórnendur félagsins. Félagið beitir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og eru hlutabréf þess skráð á markaði.

Stjórnarformaður félagsins leitar til þín og óskar eftir formlegri samantekt um reikningshaldslega meðhöndlun hvatakerfa. Nánar tiltekið langar hann að fá svör við eftirfarandi spurningum enda myndi það hjálpa stjórninni við að ákveða hvort innleiða ætti hvatakerfi og þá hvers konar hvatakerfi heppilegast væri að innleiða.

Úrlausnarefni:

Verkefni þitt er að svara eftirfarandi spurningum stjórnarformannsins.

Hver er reikningshaldsleg meðhöndlun hvatakerfa sem byggja á eignarhlutatengdum greiðslum (e share-based payment)? Nánar tiltekið langar hann að vita:

- (i) hvort máli skipti um reikningshaldslega meðferð hvernig samningarnir verði gerðir upp þegar þeir verða nýtanlegir, þ.e. með afhendingu hluta eða nettó-peningagreiðslu,
- (ii) hvað skuli gera ef samningarnir verða ógiltir á meðan á ávinnslutímabili stendur,
- (iii) hvaða áhrif það hafi ef einhverjir lykilstjórnendanna hætta störfum á ávinnslutímabilinu,
- (iv) hvernig fara skuli með breytingar á samningum á ávinnslutímabilinu, svo sem ef samningarnir verða í formi kaupréttar á hlutabréf félagsins en kaupréttargengi verði lækkað á ávinnslutímabilinu vegna verðfalls bréfanna á markaði og
- (v) hvernig kostnaður við kaupréttarsamninga yrði bókfærður væru þeir gerðir upp með afhendingu hluta í félaginu.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 15 – 20 mín.

Félagið Tímamótalausnir hf. beitir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Starfsemi félagsins felst annars vegar í því að selja og setja upp staðlaðan tækjabúnað en hins vegar að selja og setja upp flóknar og sérhæfðar framleiðslulínur fyrir viðskiptavinum. Uppsetning staðlaða tækjabúnaðarins er einföld og allur gangur er á því hvort viðskiptavinir setja hann upp sjálfir, biðja Tímamótalausnir hf. að sjá um það (gegn sérstakri greiðslu til viðbótar við kaupverð tækjabúnaðarins) eða leita til annarra fyrirtækja um uppsetningu. Samningar um framleiðslulínur eru hins vegar þess eðlis að einungis Tímamótalausnir hf. geta séð um að koma tækjabúnaðinum í nothæft ástand og samþætta línurnar öðrum framleiðslulínum viðskiptavinarins, sé þess þörf.

Forsvarsmenn Tímamótalausna hafa verið að kynna sér staðal IFRS 15 *Tekjur af samningum við viðskiptavinum*. Það er einkum og sér í lagi eitt atriði sem þeir velja fyrir sér en það er ákvörðun samningsskyldna (e. performance obligations).

Úrlausnarefni:

Verkefni:

Svaraðu eftirfarandi spurningum með viðeigandi rökstuðningi:

1. Upplýstu forsvarsmenn félagsins um það í stuttu máli til hvaða atriða þeir ættu að líta við ákvörðun samningsskyldna.
2. Hvort þú teljir að:
 - a. Samningur um sölu og uppsetningu staðlaðs tækjabúnaðar feli í sér eina eða fleiri samningsskyldur.
 - b. Hvort samningur um sölu og uppsetningu flókinnar og sérhæfðrar framleiðslulínu feli í sér eina eða eða fleiri samningsskyldur.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 16 – 60 mín.

Fjármálastjóri CF ehf. hefur gert drög að rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir árið 2017, en hann óskar eftir aðstoð þinni við að leiða út tekjuskattsstofn félagsins. Hann óskar eftir því að skattstofn félagsins verði lágmarkaður. Í þeim tilvikum þar sem að þínu mati koma til greina fleiri en ein aðferð, eða um aðferðirnar ríkir óvissa þá þarft þú að útskýra fyrir honum það sem þú gerir með tilvísunum í lög, úrskurði YSKN, bindandi álit o.s.frv.

Þar sem gerðir eru útreikningar þá þurfa þeir að vera greinargóðir og ef þú gefur þér viðbótar forsendur til að komast að niðurstöðu þá þurfa þær að koma fram með skýrum hætti.

Félagið var stofnað á árinu 2013 og hóf þá rekstur.

Með beiðninni fylgja ýmsar upplýsingar er varða starfsemi félagsins á árinu 2017, sem fjármálastjórinn telur að hafi áhrif á skattútreikninga ársins. Allar fjárhæðir eru án virðisaukaskatts.

Eftirfarandi gögn komu frá fjármálastjóranum (fskj. 3):

Drög að rekstrar- og efnahagsreikningi.

Reikningshaldsleg fyrningaskýrsla.

Greinargerð í liðum 1 til 8 um atriði sem hann telur að hafi áhrif á skattstofninn.

Taka þarf afstöðu til hvers liðar fyrir sig með greinargóðum hætti.

1. Þann 1. júlí 2017 sameinaðist CF ehf. dótturfélagi sínu CF fasteignum ehf. Aðalstarfsemi CF fasteigna ehf. var eignarhald á fasteign sem eingögnu var notuð af CF ehf., en að auki var í félaginu önnur starfsemi sem var óskyld starfsemi CF ehf. Vegna þeirrar starfsemi sem var óskyld starfsemi CF ehf. var færð upp viðskiptavild hjá CF ehf. í kjölfar samrunans að fjárhæð 25.129.000 kr.

Þar sem CF fasteignir ehf. átti yfirfæranlegt tap í árslok 2016 voru engar skattalegar ráðstafanir gerðar í skattframtali félagsins 2017 vegna ársins 2016.

Eignarhlutir í dótturfélögum greinist þannig:		
	Bókfært verð	Hlutdeild
CF fasteignir ehf. (100% eignarhlutur)	0	13.873.870
CF Þróun ehf. (100% eignarhlutur)	8.044.070	(17.744.260)
CFC Ltd., Tortóla (100% eignarhlutur)	5.500.000	2.000.000
	13.544.070	(1.870.390)
Hagnaður CFC Ltd. er allur vegna sölu á þjónustu.		
CFC Ltd. var stofnað á árinu 2016 og greinast eiginfjárhreyfingar félagsins frá stofnun þannig:		
Innborgað hlutafé á árinu 2016		3.500.000
Hagnaður ársins 2016		1.500.000
Greiddur arður á árinu 2017 (Greitt til CF ehf.)		(1.500.000)
Hagnaður ársins 2017		2.000.000
Eigið fé 31.12.2017		5.500.000

2. Birgðir CF ehf. í árslok eru metnar á kostnaðarverði að frádröginni niðurfærslu.

Birgðir í árslok og niðurfærsla greinast þannig:			
		2017	2016
Vörubirgðir samkvæmt talningu		46.695.630	33.207.750
<i>Niðurfærsla samkvæmt ársreikningi:</i>			
Óbein varúðarniðurfærsla		(2.500.000)	0
Niðurfærsla vegna óseljanlegra vara		(1.575.300)	(1.575.300)
Birgðir samkvæmt ársreikningi		<u>42.620.330</u>	<u>31.632.450</u>

3. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur CF ehf. greinast þannig:

	2017	2016
Viðskiptakröfur samkvæmt viðskiptamannabókhalði	153.241.620	117.157.200
Hlutdeildarskírteini	4.227.500	8.750.000
Lán til RT ehf. (CF ehf. á 5% eignarhlut í RT ehf.)	17.000.000	5.000.000
Fjármagnstekjuskattur	1.871.830	2.217.330
Inneign vegna virðisaukaskatts	0	587.300
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur skv. ársreikningi	<u>176.340.950</u>	<u>133.711.830</u>

Viðskiptamannareikningur 999999-9999 samkvæmt viðskiptamannabókhalði, er óbein niðurfærsla viðskiptakrafna og stóð reikningurinn í 7.500.000 kr. í árslok 2016, en í 12.300.000 kr. í árslok 2017 (þ.a. eru 2.000.000 kr. sem félagið yfirtók frá CF fasteignum ehf. við samruna félaganna).

Í skattframtali CF ehf. 2017 vegna ársins 2016 fullnýtti félagið sér heimildir skattalaga til 5% skattalegrar niðurfærslu krafna.

4. CF ehf. hefur á undanförunum árum dreift gengismun í skattframtölum sínum í samræmi við skattalög.

	Gengistap
Frestaður gengismunur CF ehf. í framtali 2016 vegna ársins 2015 var	3.250.780

5. Meðal vaxtatekna hjá CF ehf. er hagnaður af hlutdeildarskírteinum.

Hagnaður af hlutdeildarskírteinum á árinu sundurliðast þannig:	
Innleystur hagnaður á árinu	553.520
Óinnleyst tap í árslok	(105.870)
	<u>447.650</u>

6. Skattalegar fyrningarskýrslur:

CF ehf. - fyrningaskýrsla vegna ársins 2016:	Skrifstofuáhöld og innréttingar	Bifreiðar
Heildarverð 31.12.2016	97.000.000	20.500.000
Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2016	(69.437.156)	(7.556.000)
Skattalegt bókfært verð 31.12.2016	27.562.844	12.944.000
Fyrningarhlutföll	35%	20%
CF fasteignir ehf - fyrningaskýrsla ársins 2016.:	Fasteignir	Skrifstofuáhöld og innréttingar
Heildarverð 31.12.2016	357.000.000	36.000.000
Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2016	(12.852.000)	(7.200.000)
Skattalegt bókfært verð 31.12.2016	344.148.000	28.800.000
Fyrningarhlutföll	2%	20%

Fjármálastjóra CF ehf. hefur fundist kostnaður við skattútreikninga félagsins á undanförunum árum vera mjög mikill og ákvað hann því sjálfur að útbúa skattalegu fyrningaskýrsluna vegna ársins 2017 til að flýta fyrir við útreikninga á skattstofni ársins. Fyrningaskýrslan frá honum lítur svona út:

	Viðskiptavild	Fasteignir
Heildarverð 1.1.2017	0	357.000.000
Uppsafnaðar afskriftir 1.1.2017	0	(12.852.000)
Skattalegt bókfært verð 1.1.2017	0	344.148.000
Viðbót á árinu 2017	25.129.000	0
Fyrning ársins 2017	(5.025.800)	(7.140.000)
Skattalegt bókfært verð 31.12.2017	20.103.200	337.008.000
Fyrningarhlutföll	20%	2%

Stofnverði fasteignarinnar sem er 50% skrifstofubygging og 50% verkstæðisbygging var skipt upp við kaup í lóð og fasteign. Lóðarhlutinn var 10% af stofnverðinu eða 35.700.000 kr.

	Skrifstofuáhöld og innréttingar	Bifreiðar
Heildarverð 1.1.2017	133.000.000	20.500.000
Uppsafnaðar afskriftir 1.1.2017	(76.637.156)	(7.556.000)
Skattalegt bókfært verð 1.1.2017	56.362.844	12.944.000
Viðbót á árinu 2017	0	13.500.000
Selt á árinu 2017	0	(6.800.000)
Fyrning ársins 2017	(15.406.995)	(3.928.800)
Skattalegt bókfært verð 31.12.2017	40.955.848	15.715.200
Fyrningarhlutföll	35%	20%

Þann 1. júlí setti félagið bifreið sem keypt var á árinu 2016 upp í kaupverð nýrrar bifreiðar. Upphaflegt kaupverð seldu bifreiðarinnar var 8.500.000 kr., en söluverðið var 4.500.000 kr. Kaupverð nýju bifreiðarinnar var 13.500.000 kr.

7. Meðal annars rekstrarkostnaðar CF ehf. á árinu 2017 eru eftirfarandi gjaldfærslur:

Gjaldfærður áætlaður ábyrgðakostnaður vegna seldra véla	5.000.000
Styrkir til líknar- og íþróttafélaga	5.000.000
Sölutap fastafjármuna	3.150.000
Gjaldfærður áætlaður kostnaður vegna óframkominna reikninga	7.500.000
	20.650.000

Reikningar vegna áætlaðs kostnaðar vegna óframkominna reikninga bárust CF ehf. í febrúar 2018, með dagsetningu 31. janúar 2018 og textanum "Veitt þjónusta í nóvember og desember 2017".

Einnig liggur fyrir að í júní 2018 þurfti CF ehf. að greiða 1.000.000 kr. vegna ábyrgðar á vél sem seld var á árinu 2016.

8. CF ehf. hefur verið samskattað með dótturfélögum sínum CF fasteignum ehf. og CF Þróun ehf. frá árinu 2015.

Yfirferanleg skattaleg töp CF fasteigna ehf. sundurliðast þannig samkvæmt skattframtali 2017 vegna ársins 2016:

Tap vegna ársins 2006	15.000.000
Tap vegna ársins 2010	7.850.000
Tap vegna ársins 2011	8.500.000
Yfirferanleg skattaleg töp samtals	31.350.000

Skattaleg afkoma CF fasteigna ehf. á árinu 2017 fram að samruna félagana skv. drögum að skattframtali var hagnaður að fjárhæð 6.850.950 kr.

Yfirferanleg skattaleg töp CF Þróunar ehf. sundurliðast þannig samkvæmt skattframtali 2017 vegna ársins 2016:

Tap vegna ársins 2013	9.870.330
Tap vegna ársins 2014	4.550.870
Tap vegna ársins 2015	3.544.990
Yfirferanleg skattaleg töp samtals	17.966.190

Skattaleg afkoma CF Þróunar ehf. samkvæmt drögum að skattframtali er hagnaður að fjárhæð 15.880.930 kr.

Úrlausnarefni:

Fjármálastjóri CF ehf. óskar eftir aðstoð þinni við að leiða út tekjuskattsstofn félagsins. Hann óskar eftir því að skattstofn félagsins verði lágmarkaður. Í þeim tilvikum þar sem að þínu mati koma til greina fleiri en ein aðferð, eða um

aðferðirnar ríkir óvissa þá þarft þú að útskýra fyrir honum það sem þú gerir með tilvísunum í lög, úrskurði YSKN, bindandi álit o.s.frv.

Þar sem gerðir eru útreikningar þá þurfa þeir að vera greinargóðir og ef þú gefur þér viðbótar forsendur til að komast að niðurstöðu þá þurfa þær að koma fram með skýrum hætti.

Svarið í excel-svarskjali

Verkefni 17 – 130 mín.

Breiðfiskur hf. er fiskeldisstöð sem hefur verið rekin um árabíl á Breiðdalsvík. Nýverið komu nýir áhugasamir fjárfestar að félaginu og ekki leið á löngu þar til Breiðfiskur keypti fiskeldisstöðvar í Færeyjum, Noregi og sölumiðstöð í Chile. Í kjölfarið var breytt um nafn á félaginu og heitir félagið nú Global Fish Farm. Höfuðstöðvar félagsins eru á Breiðdalsvík og telst Global Fish Farm vera móðurfélag í skilningi ársreikningslaga með dótturfélög í Færeyjum, Noregi og Chile.

Breiðfiskur hf. var fyrir mörgum árum í eigu hollensks félags sem gerði kröfu um að félagið setti fram reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, IFRS. Þegar hollenska félagið seldi eigendum Breiðfisks hf. félagið var ákveðið að halda sömu reikningsskilaaðferðum og áður. Félagið hefur því gert upp í samræmi við IFRS í mörg ár.

Nýju fjárfestarnir hafa verið í viðskiptum við GlobalAudit til fjölda ára og hafa leitað til þín um endurskoðun á Global Fish Farm. Jafnframt er unnið að skráningu Global Fish Farm í Kauphöllinni (NasdaqOmxNordic).

Þú ert að hefja undirbúning endurskoðunar á ársreikningi móðurfélagsins vegna rekstrarársins 2018 og undirbúa samstæðuendurskoðun. Meðfylgjandi eru helstu lykiltölur úr ársreikningi móðurfélagsins vegna rekstrarársins 2017, sjá fskj. 4

Stærsti liður í efnahagsreikningi móðurfélagsins eru birgðir. Birgðir Global Fish Farm eru annars vegar lífmassi (lífræn eign) og hins vegar birgðir meðal veltufjármuna (sláturfiskur tilbúinn til sölu). Í september 2018 drápust 750.000 fiskar í kerjum sem rakið var til eitrunar sjávar. Umsjónarendurskoðandinn biður þig um að skoða sérstaklega birgðamat Global Fish Farm þar sem það virðist vera viðkvæmt fyrir utanaðkomandi áhrifum og þetta því liður sem þyrfti að skoða sérstaklega í áhættumati og skipulagningarferli.

Nánari lýsing á helstu ferlum fyrirtækisins er í fylgiskjali 5.

Úrlausnarefni:

- A) (15 mín.) Ákvarðaðu heildarmikilvægismörk og skipulagningar-mikilvægismörk (e. overall materiality and performance materiality) fyrir móðurfélagið til notkunar við skipulagningu á endurskoðun ársins 2018. Rökstyddu útreikninginn og aðferðafræðina.**
- B) (15 mín.) Greindu frá því hvaða aðferð þú myndir beita við að ákvarða samstæðumikilvægismörk vegna endurskoðunar á samstæðuársreikningi ársins 2018. Greindu frá því með hvaða hætti ætti að nota samstæðumikilvægismörk við endurskoðun samstæðunnar og hvernig samskiptum samstæðuendurskoðanda og endurskoðenda dótturfélaga er háttað um mikilvægismörk.**
- C) (45 mín.) Framkvæmdu áhættumat vegna endurskoðunar á ársreikningi móðurfélagsins Global Fish Farm í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla með áherslu á greiningu lykiláhætta (e. significant**

risks). Rökstyddu mat þitt og skýrðu frá þeim aðferðum sem þú beitir við matið.

D) (20 mín.) Taktu saman drög að kafla um meginþætti/lykilatriði endurskoðunarinnar (e. key audit matter) sem þú gerir ráð fyrir að verði hluti af áritun þinni á samstæðuársreikningi vegna ársins 2018. Láttu jafnframt koma fram umfjöllun um lykiláhættur (e. significant risks) og meginþætti/lykiláhættuþætti (e. key audit matter), ásamt muninum á þessum tveimur hugtökum.

E) (35 mín.) Settu upp drög að endurskoðunarfyrirmælum (e. further audit procedures) fyrir lykiláhættuþætti (e. significant risks).

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 18 – 70 mín.

1. Fyrir hálfum mánuði leitaði nýráðinn forstöðumaður uppgjörseildar Framtíðarfélagsins hf. til þín sem sérfræðings í reikningsskilum. Félagið beitir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Forstöðumanninn grunar að ársreikningur síðasta árs, þ.e. ársins 2017, innihaldi verulegar skekkjur en á eftir að skoða málið nánar. Þó hann hafi ágæta reynslu af uppgjörum og gerð reikningsskila þekkir hann ekki sérlega vel til alþjóðlegra reikningsskilastaðla enda Framtíðarfélagið hf. fyrsta félagið sem hann starfar hjá sem beitir stöðlunum.

Úrlausnarefni:

Verkefni þitt er að:

Taka saman minnisblað fyrir forstöðumanninn þar sem þú útskýrir fyrir honum með skýrum og hnitmiðum hætti hvernig leiðrétting á verulegri skekkju í ársreikningi 2017 myndi koma fram í ársreikningi 2018. Tíunda skal öll þau atriði sem þú telur að máli skipti svo forstöðumaðurinn átti sig á því hvernig leiðréttingar yrðu settar fram í ársreikningi 2018 og hvaða upplýsingar þyrfti að veita. (20 mín.)

2. Nú í morgun hafði forstöðumaður Framtíðarfélagsins aftur samband við þig. Eftir að hafa þakkað þér fyrir minnisblaðið sem þú sendir honum á dögnum biður hann þig um aðstoð vegna eftirfarandi þriggja atriða, sbr. a-c lið hér á eftir.

Úrlausnarefni:

Nánar tiltekið biður hann þig um eftirfarandi vegna hvers og eins eftirfarandi atriða og í því felst verkefni þitt (50 mín.):

- i) **Taka rökstudda afstöðu til þess hvort bókfært verð viðkomandi liðar hafi verið rangt í ársreikningi 2017.**
- ii) **Sýna eftir því sem við á færslur með viðeigandi fjárhæðum, þ.e. þær leiðréttingar sem færa þyrfti í bókhald félagsins ef viðkomandi liður var rangur. Forstöðumaðurinn mun sjálfur meta hvort hann sleppi því að leiðrétta reikningsskilin með vísan til mikilvægis og biður þig um að líta fram hjá þeim möguleika í svari þínu. Tekjuskattur er 20%.**

Liður a

Ljóst er að forsvarsmenn Framtíðarfélagsins hf. vanmátu niðurfærsluþörf viðskiptakrafna í lok árs 2017. Viðskiptakröfurnar, sem voru að nafnverði 2.000, voru færðar niður um 5,0%. Á árinu 2018 töpuðust hins vegar endanlega 9,0% af þessum kröfum.

Liður b

Um miðjan desember 2017 keypti félagið 1,0% eignarhlut í skráðu félagi. Kaupverð hlutabréfanna var 1.000. Þau átti að færa á gangvirði gegnum rekstur, þó þau flokkist ekki sem veltufjáreign (e. trading). Fyrir mistök láðist hins vegar

að færa bréfin til gangvirðis í árslok 2017. Gangvirði þeirra (skráð markaðsverð) hækkaði um 5,0% frá kaupdegi til ársloka 2017.

Liður c

Í ársbyrjun 2016 keypti félagið tvær skrifstofubyggingar til eigin nota. Í samræmi við heimild í staðli IAS 16 ákváðu forsvarsmenn félagsins að færa fasteignirnar samkvæmt endurmatsaðferð (e. revaluation method). Í árslok 2016 unnu óháðir sérfræðingar verðmat á fasteignunum. Eftirfarandi eru nauðsynlegar upplýsingar um fasteignirnar:

Fasteign A	Kaupverð: 11.000	Gangvirði í árslok 2016: 12.500	Reikningshaldslegar árlegar afskriftir: 2,0% línuleg afskrift. Áætlað hrakvirði: 1.000 Nýtingartími: 50 ár.
Fasteign B	Kaupverð: 5.500	Gangvirði í árslok 2016: 5.200	Reikningshaldslegar árlegar afskriftir: 2,0% línuleg afskrift. Áætlað hrakvirði: 500 Nýtingartími: 50 ár.

Forsvarsmenn félagsins færðu endurmatið nettó.. Ekki var ráðist í endurmat fasteignanna í árslok 2017 enda leiddi skoðun í ljós að líklega væri óverulegur munur á gangvirði og bókfærðu verði á þeim tíma.

Svarið í excel- og eða word-svarskjali

Verkefni 19 – 45 mín.

GlobalAudit hefur nýlega tekið við endurskoðun á ALL Software á Íslandi ehf. ALL Software starfar um allan heim. ALL Software selur hugbúnaðarleyfi frá mörgum aðilum og ráðgjafarþjónustu í kringum þau. Sérstaða ALL Software liggur í því að vera óháður aðili, þ.e. er ekki að selja kerfi sem fyrirtækið hefur sjálft þróað og hefur því ekki hagsmuni að velja eitt kerfi umfram önnur. ALL Software kaupir öll hugbúnaðarleyfin í gegnum móðurfélagið sem er með starfsstöð í Króatíu. Móðurfélagið selur svo hugbúnaðarleyfin áfram til dótturfélaganna, meðal annars til íslenska félagsins ALL Software á Íslandi ehf. Íslenska félagið er enn frekar lítið í samanburði við hin erlendu félögin í samstæðunni og hefur ekki verið gerð krafa um að það skili ársreikningi í samræmi við IFRS. Íslenska félagið hefur því undanfarin ár gert upp í samræmi við íslensku ársreikningalögin.

Íslenska félagið hefur sérstöðu í samstæðunni þar sem tekjur íslenska félagsins eru aðeins að litlu leyti frá sölu hugbúnaðarleyfa til íslenskra aðila. Íslenska félagið kaupir því ekki mörg hugbúnaðarleyfi frá króatíska móðurfélaginu til endursölu á íslenska markaðnum. Tekjur íslenska félagsins koma að mestu leyti frá sölu íslensks hugbúnaðar til allra hinna félaganna innan samstæðunnar, bæði til móðurfélagsins og dótturfélaganna. Króatíska móðurfélagið mun síðar taka við sölunni innan samstæðunnar þegar umsvifin hafa aukist.

Skipulagning endurskoðunar er að hefjast. Þú ert verkefnastjóri hjá GlobalAudit og ert að velta fyrir þér með hvaða hætti þú ættir að nálgast endurskoðun á viðskiptum við tengda aðila. Umsjónarendurskoðandinn bað þig um að skoða sérstaklega skýringar um tengda aðila og hvort þú teldir þær vera í samræmi við ákvæði ársreikningalaga. Umsjónarendurskoðandinn nefndi að framkvæmdastjóri ALL Software á Íslandi ehf. hefði rætt það við sig að hann hefði áhyggjur af því að þær væru of ítarlegar í síðasta ársreikningi.

Meðfylgjandi eru upplýsingar úr ársreikningi félagsins frá síðasta rekstrarári, sjá fskj. 6

Úrlausnarefni:

- A. (10 mín.) Telur þú að skýringar um tengda aðila í ársreikningi 2017 uppfylli kröfur ársreikningalaga? Gerðu grein fyrir því hvort bæta þurfi skýringarnar eða hvort stjórnendur félagsins geti dregið úr skýringunum.
- B. (35 mín.) Settu fram drög að áhættumati vegna viðskipta við tengda aðila fyrir ALL Software á Íslandi ehf. og endurskoðunarfyrirmæli (e. audit procedures) sem tengjast áhættumatinu. Gættu að því að áhættumatið og endurskoðunarfyrirmælin taki einnig mið af áhættu sem tengist skattskilum félagsins.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 20 – 35 mín.

Móðurfélagið (X) á tvö dótturfélög í verslunarrekstri (A) á Íslandi og (B) í Hollandi. Móðurfélagið og (A) íslenska dótturfélagið eru samsköttuð.

Fjármálastjóri samstæðunnar hefur áhyggjur af því að hluti vaxtagjalda móðurfélagsins muni ekki teljast sem frádráttarbær kostnaður í skattskilum þess og nýtist því ekki á móti skattskyldum hagnaði (A). Hefur hann því óskað eftir þinni aðstoð.

Eftirfarandi gögn liggja fyrir í fskj. 7:

Rekstrarreikningur ársins 2017 - samstæða.
Efnahagsreikningur 31.12.2017 – samstæða.
Greining á eignarhlutum móðurfélagsins í dótturfélagunum.

Úrlausnarefni:

Fjármálastjórinn óskar eftir því að þú reiknir út fyrir hann hvort öll vaxtagjöld móðurfélagsins séu frádráttarbær frá skattstofni og ef svo er ekki hvaða fjárhæð teljist ekki vera frádráttarbær. Jafnframt óskar hann eftir því að útreikningarnir séu greinargóðir og gerð sé grein fyrir því á hvaða grunni þeir byggja.

Svarið í excel-svarskjali